


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hvanneyri 6. maí 2008

Hér með fylgir umsögn Landbúnaðarháskóla Íslands um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um breytingu á lögum um LÍN (þskj 846 -545 mál)
- Frumvarp til laga um opinbera háskóla (þskj.847 – 546. mál).

Virðingarfyllt

  
Agúst Sigurðsson  
rektor

## Umsögn um frumvarp til laga opinbera háskóla þskj. 847 – 546. mál

Til: Menntamálanefndar Alþingis  
Frá: Landbúnaðarháskóla Íslands

6.5.2008


Landbúnaðarháskóli Íslands fagnar framkomnu lagafrumvarpi um opinbera háskóla.

Í fyrirliggjandi formi sýnist okkur að markmið frumvarpsins ættu að nást ágætlega varðandi gæðaeftirlit, samræmingu prófkrafna, sveigjanleika í skipulagi og faglegt sjálfstæði. Jafnframt sýnist okkur vel séð fyrir akademísku frelsi og ábyrgð akademískra starfsmanna. Einnig teljum við mjög mikilvægt að fjárhagsmálefni einstakra skóla séu skýrt mörkuð og þeir njóti mikils sjálfstæðis í þeim efnum sbr. 24. gr.

Í háskólaráði háskóla samkvæmt því skipulagi sem hér er kynnt virðist vera gert ráð fyrir kröfumeiri hlutverkum en hingað til hafa tíðkast í háskólaráðum. Með hlutdeild starfsmanna og nemenda í lágmarki þá gerir starf í ráði sem þessu miklar kröfur til þeirra sem í ráðinu sitja um að setja sig vel inn í mál af eigin rammleik og taka virkan þátt í ýmskonar málaundirbúningi og greiningu vegna ákvarðana sem þarf að taka. Ljóst er að tilnefningar í svona ráð þarf að vanda mjög og tryggja að viðkomandi séu í raun tilbúnir til að gefa sig að viðfangsefnum ráðsins af heilum hug, en þá þarf jafnframt að gera ráð fyrir tilheyrandi útgjöldum við rektor ráðsins.

Okkur virðist frumvarpið að flestu leyti vel unnið og ekki fundið á því meinbugi hvað varðar framsetningu eða rökræna uppbyggingu. Bendum þó á 10 gr. um fulltrúa á háskólafundi, en þar virðist að í annarri setningu fyrstu málsgreinar ætti að standa “Þar sitja jafnframt fulltrúar kennara og sérfræðinga úr skólum og stofnunum háskóla....” í stað “Þar sitja jafnframt kennarar og sérfræðingar úr skólum og stofnunum háskóla....” sem mætti skilja sem svo að væru allir kennarar og sérfræðingar sem væri í mótsögn við áframhald greinarinnar þar sem fjallað er um hvernig þessir fulltrúar séu valdir.

Varðandi ákvæði a. liðar 24. greinar er gefin upp krónutala varðandi hámark skrásetningargjalda. Benda má á að óþægilegt getur verið að hafa slíkan mælikvarða skrifaðan inn í lagatexta ef verðmæti krónunnar rýrnar úr hófi. Við gerum ráð fyrir að c. liður ofnagreindrar lagagreinar heimili skóla að innheimta af nemendum sérstakan kostnað af sérþjónustu (dæmi, hesthúspláss nema í hestafræði) sem kann að tengjast námi einstakra nemanda við skóla.

  
F.h. Landbúnaðarháskóla Íslands  
Ágúst Sigurðsson rektor